



**Ávarp forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við afhendingu Íslensku þýðingaverðlaunanna**

**Gljúfrasteini
19. febrúar 2022**

Ágætu þýðendur,
fulltrúar Bandalags þýðenda og túlka,
Rithöfundasambands Íslands og
Félags íslenskra bókaútgefenda,
aðrir góðir gestir

Ég þakka þann heiður að sitja þennan hátíðarviðburð með ykkur og hlakka til að afhenda Íslensku þýðingaverðlaunin. Ég þakka líka Þorgerði Ásu Aðalsteinsdóttur fyrir hennar ljúfa kvæðasöng og gítarleik hér. Ég hef núna þann háttinn á að nefna strax í upphafi ræðu minnar hver hlýtur verðlaunin í ár og get svo rökstuðnings dómnefndar um leið og ég þakka henni góð störf og öllum öðrum sem að verðlaununum koma. En það er ekki að orðlengja að Íslensku þýðingarverðlaunin koma í hlut Gunnars Þorra Péturssonar fyrir þýðingu hans á *Tsjernobyl-bæninni, framtíðarannál* eftir Svetlönu Aleksíevítsj.

Ég óska Gunnari Þorra hjartanlega til hamingju með verðskuldaðan heiður. Angústúra gaf verkið út og færi ég hinum öflugum útgefendum þar á bæ einnig heillaóskir. Rökstuðningur dómnefndar hljóðar svo:

Verkið samanstendur fyrst og fremst af frásögnum fórnarlamba slyssins í Tsjernobyl sem hingað til hefur of lítill gaumur verið gefinn, en þessi aðferð er í anda annarra verka höfundarins, Svetlönu Aleksíevítsj, sem áður hefur skrifað um sovéskar konur sem börðust í síðari heimsstyrjöldinni, frásagnir barna úr því stríði og hernaðarbrölt Sovétmanna í Afganistan. Þeir sem segja sögu sína hér eru af ýmsum meiði, fræðimenn, eiginkonur þeirra sem verst urðu úti, foreldrar sem horfa á börn sín veikjast og deyja, flóttafólk sem sneri aftur, fólk sem flutt var með valdi af hættusvæðinu,

fólk sem vildi ekki yfirgefa jarðir og búfénað, börn, hermenn sem sáu um hreinsun og svo „hetjurnar“.

Þetta er ekki predikun, en af frásögnunum sést að erindið er brýnt og að ekki má gleyma atburðunum í Tsjernobyl, því áhrifa þeirra gætir enn og þeir munu hafa áhrif um ókomna tíð. Verkið segir skelfilega sögu, ekki einungis um atburðinn sjálfan, heldur og um það sem fylgdi í kjölfarið og ekki síst um vald og valdsmenn sem bregðast þjóð sinni með lygum og þöggun þannig að öll viðbrögð fólksins verða ómarkviss og tilviljanakennd. „Sagnfræði sem lendir á milli þilja,“ eins og höfundur verksins orðar það. Undirtitill verksins „fram tíðarannáll“, vekur skelk og ekki síður einkunnarorðin, „Við erum úr lofti en ekki úr jörðu komin“. Það boðar ekki gott að vera úr loftinu sem Tsjernobyl andaði yfir okkur.

Hér skilar Gunnar Þorri góðu verki. Hann þarf að setja sig í spor allra þeirra ólíku aðila sem hér segja sögu sína og túlka stöðu þeirra og tilfinningar í gegnum málfarið. Hann gerir það af mikilli þekkingu og góðu innsæi sem sést best af því hvernig hann miðlar röddum verksins og af blæ orðanna skynjum við ólíkar persónur. Hér er ekki um oftúlkun að ræða, heldur raunsæja lýsingu án nokkurrar yfirborðsmennsku. Verkið sýnist auðvelt í framkvæmd, en mikla kunnáttu þarf til að þekkja slík blæbrigði og mikið þolgæði þegar lýst er svo hrikalegum atburðum. Gunnar Þorri vinnur verk sitt af einurð.

Undir öll þessi orð er tekið hér. Tsjernobyl-slysið var skelfilegur atburður, víti til varnaðar, og fálmkennnd og laumuleg viðbrögðin ekki síður. Í þýðingu Gunnars Þorra geta íslenskir lesendur notið ítarlegrar samantektar, rannsóknar og frásagnarlistar Svetlönu Aleksíevítsj. Já, við getum notið magnaðs stórvirkis, sjáum fólk lifna við á síðum bókarinnar, finnum til með þeim sem þjást og fyllumst andúð á þeim sem gera illt verra. Hér er líka við hæfi að nefna sjónvarpsþættina um Tsjernobyl-slysið og eftirköst þess, með magnþrunginni tónlist Hildar Guðnadóttur. Miðlunin er ólík en sagan söm og upplifunin eins sterk. Þegar höfundi frásagnar tekst vel upp sést það vel, hver sem miðillinn er.

Við lifum á válegum tímum. Lifum við kannski alltaf á válegum tímum? Líklega kennir sagan okkur það en nú um stundir er mikil spennan í lofti, nokkuð nærri vettvangi Tsjernobyl-slyssins. Vonir okkar hljóta að standa til þess að blóðugum átökum verði afstýrt, að valdhafar hvarvetna velji viðræður frekar en hótanir, sáttfýsi frekar en þvermóðsku, frið frekar en stríð.